



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 21.mars 2019

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, þingmál nr. 83 - um að heiðra minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.

Bandalag íslenskra listamanna tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunarinnar að heiðra minningu þeirra íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni, löngu tímabært er að skipa þeim varanlegan og táknrænann sess í sögu þjóðarinnar.

Bandalagið telur að ákaflega mikilvægt að vel takist til með undirbúning og útfærslu og vandað sé til verka. Örlög flestra fórnarlamba heimstyrjaldarinnar hér á landi voru að farast í hafi, vissulega fórnarlömb átaka en fórust við störf sín sem voru í friðsömum tilgangi.

Bandalagið telur eðlilegt að um útfærsluna verði samkeppni og BÍL vill mælast til þess að Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) verði fengið til samráðs og samtals um útfærslu þeirrar vinnu. SÍM, er best til þess fallið, innan þeirra vébanda er bæði reynsla og fagleg þekkingu til að leiða verkefni að þessari stærðargráðu
SÍM hefur verið ráðgefandi aðili að flestöllum samkeppnum um listaverk í opinberu rými sem haldnar hafa verið undanfarin ár og starfsfólk SÍM býr yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem til þarf til að koma að undirbúningi og framkvæmd verkefnis sem þessa.

Virðingarfyllt

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Reykjavík 12. mars 2019

Umsögn um 83. mál á 149. Löggjafarþingi

Sjómannasamband Íslands tekur heilshugar undir tillögu til þingsályktunar um að heiðra minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.

Vér Íslendingar höfum ekki gert mikla gangskör að því að heiðra minningu þess fólks sem fórst í hildarleiknum mikla í seinni heimsstyrjöldinni. Væri ekki úr vegi að reisa fórnarlömbum stríðsins veglegan minnisvarða sem yrði landi og þjóð til sóma. Margir sjómenn fórust við störf sín á þessum tíma og vert að minnast þeirra sem og annara sem týndu lífi í stríðinu.

F.h. Sjómannasambands Íslands

Valmundur Valmundsson



Reykjavík, 21. mars 2019

Umsögn um 83. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019.

*Tillaga til þingsályktunar um að heiðra minningu þeirra Íslendinga
sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.*

Sögufélag fagnar hugmyndum um að heiðra „á varanlegan hátt“ minningu þeirra Íslendinga sem fórust á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Sæmandi væri að gera það með því að reisa minnismerki á vel völdum stað.

Eins og rakið er í greinargerð með þingsályktuninni kostuðu styrjaldaráttökin fjölda íslenskra mannlífa. Sú staðreynd má ekki falla í gleymsku. Jafnframt beinir Sögufélag því eindregið til stjórnvalda að leita samráðs við þá aðila sem gleggst þekkja til atburða á stríðsárunum – sagnfræðinga og annarra. Mikilvægt er að vanda til verks svo full sátt ríki um minnismerkið og allir hafi sóma af.

Í framhaldi af þessu mætti spyrja hvort núlifandi Íslendingar geri sér almennt grein fyrir þeirri miklu fórn sem íslenskir sjómenn á fyrri tíð færðu í sókn þjóðarinnar til betra lífs. Á fyrsta áratug 20. aldar fórust á sjó að jafnaði nærri 70 menn á ári. Þetta er „gífurlegt þjóðartjón, sem iðulega er á borð við það, sem aðrar þjóðir bíða í mannskæðum styrjöldum,“ sagði Guðmundur Björnsson landlæknir í merktum fyrirlestri árið 1912 (*Lögrjetta* 10. apríl 1912). Er vitundin um þessa sögu lifandi í minni þjóðarinnar?

Hrefna Róbertsdóttir,
forseti Sögufélags

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Í bréfi frá nefndasviði Alþingis dags. 7. mars 2019 var óskað umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni, 83. mál. Þjóðminjasafn Íslands tekur undir sjónarmið nefndarinnar og telur vert að minnast þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni. Jákvætt er að samráð verði haft til fagaðila þar sem við á.

Virðingarfyllst, f.h. Þjóðminjasafns Íslands
Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður